

Ed.

718. Breytingartillögur

[2. mál]

við frv. til l. um Stjórnarráð Íslands.

Frá Pétri Benediktssyni.

1. Við 4. gr.
 - a. Fyrir „Dóms- og kirkjumálaráðuneyti“ komi: Dómsmálaráðuneyti.
 - b. Fyrir „Menntaráðuneyti“ komi: Mennta- og kirkjumálaráðuneyti.
 - c. Orðin „Hagstofa Íslands“ falli niður.
 - d. Við greinina bætist ný málsgrein:
Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisendurskoðunin skal vera sjálfstæð stjórnardeild innan forsætisráðuneytisins, og setur forsætisráðherra henni starfsreglur í samráði við hina þingkjörnu endurskoðunarmenn ríkisreikninga.
Fjárlaga- og hagsýslustofnunin skal starfa sem sjálfstæð stjórnardeild innan fjármálaráðuneytisins.
Ákvæði laga þessara um ráðuneyti gilda jöfnum höndum um ofangreindar tvær stofnanir, eftir því sem við á.
Að öðru leyti kveður ráðherra á um skiptingu ráðuneyta í deildir.
3. 8. gr. falli niður (sbr. 1. brtt. d-lið), og breytist greinatala frv. og tilvísanir til greina skv. því.
4. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið hljóði svo:
Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu þeir embættismenn, sem eigi hafa hlotið veitingu forseta fyrir embætti sínu, en eiga kröfu á henni skv. 14. gr., hljóta slíka veitingu svo fljótt sem atvik leyfa.